

## LISTIR

## Fífilbrekkuhátíð á Hrauni í Öxnadal

FÍFILBREKKUHÁTÍÐ verður haldin á Hrauni í Öxnadal á sunnudag. Hraun er fæðingarsstaður Jónasar Hallgrímssonar [1807-1845], fyrsta nútímaskálds Íslendinga og fremsta náttúrufræðings Íslands á 19. öld. Á hátíðinni stendur félagið Hraun í Öxnadal ehf. sem keypt hefur jörðina og hyggst koma þar á fót fræðasetri og minningarstofu um Jónas, kynna verk hans og störf og vinna með öðrum stofnunum og einstaklingum að því að efla lifandi og sögulega menningu lands og þjóðar. Einnig er stefnt að því að koma á fót fólkingi í Öxnadal sem m.a. nái yfir land Hrauns í Öxnadal.



Jónas Hallgrímsson

Fífilbrekkuhátíðin hefst kl. 13.30 og stendur til sólarlags. Rakin verður saga jarðarinnar, sagt verður frá þjóðsögum og sögnum, sem tengjast jörðinni og dalnum, og rakin ævi Jónasar Hallgrímssonar. Sagt verður frá náttúrufræðingnum Jónasi Hallgrímssoni, blómgróðri og jarðmyndunum í Öxnadal og farið í gönguferðir. Einnig verður sagt frá framtíðarætlanum Hrauns í Öxnadal ehf. Þá syngur Þórarinn Hjartarson ljóð Jónasar Hallgrímssonar.

### Undirbúningur að 200 ára afmæli skáldsins

Eitt fyrsta verkefni stofnunar Jónasar Hallgrímssonar er að undirbúa 200 ára afmæli skáldsins og náttúrufræðingsins Jónasar Hallgrímssonar hinn 16. nóvember 2007. Í tilefni þess verður gefið út myndskreytt úrval af kvæðum með æviágrip, ásamt geisladiski með sönglögum við ljóð skáldsins. Einnig verður efnt til ráðstefnu um skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson með þátttöku bókmenntafræðinga, náttúrufræðinga og almennings. Stofnunin verður rekinn í samráði við ýmsar skyldar kennslu- og fræðastofnanir, en allt verkið er unnið í samvinnu við sveitarstjórn Hörgárbyggðar og heimamenn.

### Í DAG

**Listmunahorn Árbæjarsafns** Sigríður Elva Sigurðardóttir opnar nýja sýningu á fatnaði og fylgihlutum úr þæfðri ull. Sýningin stendur til 18. júní.

**Hótel Hvolsvöllur kl. 21** Sumarið og ástin er yfirskrift tónleika þar sem Gerður Bolladóttir söpnan og Sophie Marie Schoonjans hörpuleikari flytja íslensk sönglög, eftir Atla Heimi Sveinsson, Árna Thorsteinsson, Sigfús Einarsson, Sigvalda Kaldalóns og Pál Ísólffsson. Þá munu þær einnig flytja írsk og ensk sönglög og ítalskar antík-aríur.



Gerður Bolladóttir

Sjá einnig Staður og stund á mbl.is



Verk eftir Erró á sýningunni í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.

## Ég gerði þetta ekki í Hafnarhúsinu

SÝNINGAR tveggja listamanna verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi kl. 20 í kvöld. Um er að ræða sýningu Þorvaldar Þorsteinssonar „Ég gerði þetta ekki,“ og nýja safnsýningu á verkum Errós.

Á sýningu Þorvaldar gefur að líta blöndu af gömlum og nýjum verkum, myndbönd, innsetningar og hljóðverk sem gerast utan veggja sýningarsalanna. Sýningin tekur yfir fimm sali og hluta af opnu rými Hafnarhússins. Meðal verka eru „Ösöttar pantanir“ sem samanstendur af pöntunum frá fyrirtækjum sem ekki hafa verið sóttar. Þarna er líka „Viðtalsveggar“ sem þrýddur er listaverkum úr eigu Listasafns Reykjavíkur. Hann er gerður með það í huga að lifga upp á bakgrunn viðmælenda í sjónvarpsviðtölum. Fjölmiðlafólki er frjálst að nota vegginn allt sýningartímabilið. Jafnframt er þarna að finna verkið „Verkaskipti“ sem sýnir hluti sem tengjast ákveðnum aðilum órjúfanlegum böndum en hafa verið fengnir að láni

fyrir sýninguna gegn láni listaverks úr eigu listasafnsins. Á sýningunni getur einnig að líta hefðbundnari verk frá ferli Þorvalds; teikningar, málverk, ljósmyndir, texta-, hljóð- og veggverk.

### Í samstarfi við Icelandair

Í sal á fyrstu hæð hússins hefur Þorvaldur virkjað eitt af stærstu fyrirtækjum þjóðarinnar, Icelandair, til samstarfs, sem felst í því að upplýsa gesti um hvaða sýn fyrirtækið hefur dregið upp af Íslandi á erlendum vettvangi til að gefa sem eftirsóknarverðasta mynd af landi og þjóð og að hvaða marki sú mynd hefur haft áhrif á sjálfsmynd okkar sem þjóðar.

Í kaffiteríu Hafnarhússins verður sýnt myndbandsverk, sem sérstaklega var hannað inn í rýmið og í fjölmiðlasalnum verða einnig reglulega dagskrá myndbandssýningar og heimildarmyndir eftir og um listamanninn.

Á sunnudag kl. 15 mun Þorvaldur fara um sýninguna, segja frá ferli

sínum og ræða um verkin. Nánari upplýsingar um feril og verk Þorvalds er að finna á síðunni [www.this.is/mypocket](http://www.this.is/mypocket).

Sýningin stendur til 8. ágúst.

Sýning Þorvaldar er unnin í samstarfi við Konsthallen í Gautaborg. Sýningarstjóri er Ágústa Kristófersdóttir.

### Fagurfræði og stjórnmál

Fagurfræði og stjórnmál er yfirskrift og þema nýrrar safnsýningar á verkum Errós. Verkin tilheyra mörg hver myndaflokkum um stjórnmál eins og Kínversku málverkin, Pólitískar myndir, Bandarískar innréttningar og Framleitt í Japan. Önnur verk eins og Ýlfrandi málmur, Mae West og Tölvum kennt eru öll úr myndaflokknum 1002 nætur en sagt hefur verið að hugmyndin að honum sé sú að áhorfandinn geti haldið áfram að búa til nýjar sögur, einskonar framhald af arabísku sögunum Þúsund og einni nótt. Í verkinu Desert Storm, eða Eyðimerkurstríð

frá árinu 1991 er efniviðurinn sóttur í heim myndasögunnar. Viðfangsefnið er pólitískt; myndin er gerð sama ár og Flóabardagi hófst.

Í frétt frá listasafninu segir m.a.: „Listamaðurinn Erró lætur sér ekkert manlegt óviðkomandi og er viðfangsefni verka hans ótrúlega fjölbreytt. Hann er mjög afkastamikill og vinnur yfirleitt verk sín í seríum eða myndaflokkum. Pólitik og samfélagsleg málefni hafa löngum verið eitt megin viðfangsefni verka hans ásamt tilvísunum í lista- og menningarsöguna. Erró hefur alltaf haft næmt auga fyrir menningarlegu samspili og víxlverkun menningartákna. Þessi atriði ásamt staðfastri samfélagsgagnrýni gera það að verkum að myndir hans eiga alltaf erindi við samtímann.“

Sýningarstjóri er Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir.

Við opnun sýninganna í kvöld verður afhentur styrkur úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur, frænku Erró.

## Rífandi hæfileikar í kyrrþey

### TÓNLIST

Norræna húsið

EINSÖNGSTÓNLEIKAR

Verk eftir m.a. Vaughan-Williams, Harder, Schierbeck, Alsted, C. Nielsen, Nyholm Debess og W. Zimmermann. Duo Saxopran (Rebecca Persson sópnan og Per Egholm S- & A-saxófonn/píanó). Sunnudaginn 23. maí kl. 14.

FORVITNI og ævintýraþrá íslenskra tónlistarunnenda nær greinilega ekki til enn lítt kunnra erlendra listamanna, þá sjaldan sem þá rekur á okkar fjóru. Það sannaðist eina ferðina enn í Norræna húsinu á dögunum, þegar aðeins átta manns létu sig hafa að mæta á tónleika danska tvíeykisins Duo Saxopran. Að vísu á vonlitlum tíma – sunnudagssíðdeggi í bezta útvistarveðri, og þar á ofan í miðri Listahátíð, sem líklega hefði þurft mun kröftugra kynningarátak til að yfirfást en Norræna húsið gat lagt af mörkun. En því skal ítrekaður gamalkunnur harmsöngur að dúó dagsins reyndist meira en meðalvogun vaxið hvað áhættuhlustun varðar. Og eins og reyndustu tónleikagestir vita er fátt gjöfuga en þegar manni er komið gleðilega á óvart.

Slíkt gerðist einmitt á þessum tónleikum, þar sem sérstaklega kornung sópransöngkona frá Kaupmannahöfn með hið sænskhljómandi nafn Rebecca Persson afhjúpaði svo rífandi hæfileika, að maður ætlaði varla að trúa því að hún væri rétt að hefja nám í Kgl. tónlistarskólanum þar í borg, nema þá helzt hvað textaframburður gat verið misskýr. Dagskráin var fjölbreytt og spannaði auk dönsku verkanna m.a. þrjú sönglög eftir Vaughan-Williams við ljóð eftir Blake (upphaflega fyrir óbó & sópnan) og að sögn eina frumsamda verk


í heimi fyrir sópnan og sópnan-sax, nefnilega The Paradoxes of Love (2. hluta) eftir Walter Zimmermann. Þýsna erfitt verk, m.a. í „sprehgesang“-stíl, en kom samt furðuþjálf úr flutningi. Af dönsku lögum fyrri hlutans bar af hið viðkvæma lag Carls Niensens Sænk kun dit hoved (Johs. Jørgensen), sem m.a. skartaði óvæntri krómátík miðað við venjulegan einfaldleika meistara hins danska alþýðusönglags, og var nánast „hörungslaus“ túlkað á seiddandi ofurveikum nótum.

Flytjendur kynntu skemmtilega efnivið sinn og sögðu m.a. frá eftirtektarverðri nýbreytni í dönsku tónleikahaldi – leikskólatónleikum! – og hvernig staðið væri að því að koma nýrri tónlist á framfæri við yngstu árganga í smáskrefum. Dæmi um þetta var nýtt verk eftir Færeyinginn Edvard Nyholm Debess um frumskógardýrið Húgú, er flutt var af smitandi gáska. Egholm, er fór með píanóundirleik af öryggi þó að saxófónninn væri greinilega aðalhljóðfæri hans, blés sönghæft líðandi kadenzu úr altsaxkonert eftir Iberrt, en síðan „leynitónverk“ eins og hann kallaði, sem mátti til sanns vegar færa um flestöll miðilsvænu eða „ídiómátísku“ æfingarstykki tónskálda (etýður) fyrir tiltekin hljóðfæri, er varla heyrast nema á prófum. Nánar tiltekið nr. 4 eftir Verne; að hluta í barokkstíl og leikið af lipru öryggi. Einnig mátti heyra nokkur örverk fyrir sópnan og sax eftir Birgitte Alsted við ljóð og „bon mots“ eftir Halldan Rasmussen og hinn hugmyndaríka hönnuð Poul Henningsen, er reyndu sum töluvert á flytjendur, þó varla sæist þess merki í blæbrigðaríkri túlkun þeirra.

Ríkarður Ó. Pálsson

## Íslensk menningarvika í Berlín

Í TILEFNI af 60 ára lýðveldisafmæli Íslands þann 17. júní nk. verður efnt til íslenskrar menningarveislu í Berlín dagana 11.-19. júní. Hátíðin hefst á því að Steinunn Sigurðardóttir les úr bók sinni Jökla-leikhúsinu kl. 20 í kvöld hjá Literarisches Colloquium Berlin.



Atli Heimir Sveinsson

Á þriðjudag verður umfjöllun um íslenska rokk- og popptónlist í sendiráðinu. Claudia J. Koestler, íslenskumælandi blaðamaður og umboðsmaður Stuðmanna í Þýskalandi, fjallar um þróun íslenskrar rokk- og popptónlistar í máli, myndum og með tónlistardæmum. Umfjöllunin hefst í Felleshúsi, sameiginlegu húsi norrænu sendiráðanna, kl. 19. Á miðvikudag verður Stuðmannaball, tónleikar á skemmtistaðnum Big Eden kl. 21. Á fimmtudag, 17. júní, verður boðið til þjóðhátíðarmóttöku í sendiráði Íslands í Berlín kl. 13-15. Gerður

Gunnarsdóttir, fíðuleikari og söngkona, og Claudio Puntin flytja þjóðlegt tónlistaratriði. Arthúr Björgvin Bollason flytur stutt erindi í tilefni af lýðveldisafmæli Íslands. Ferðamálaráð og Icelandair standa fyrir Íslenskmenningunni. Í framhaldi af móttökunni flytja Stuðmenn nokkur lög á sendiráðstorginu.

### Berlínarrapp

Á föstudag verða Íslandstónleikar í Rauða ráðhúsinu kl. 19. Frumflutt verður nýtt Berlínarrapp eftir Atla Heimi Sveinsson að tónskáldinu viðstöddu. Þá verða flutt verk eftir Jón Leifs, Þorlák Sigurbjörnsson og Herbert H. Ágústsson.

Á laugardag opnar Berlínarþing húsakynni sín fyrir almenningi frá 11-18. Ísland ásamt Eystrasaltslöndunum tekur þátt í menningarkynningu þennan dag. Guitar Islancio flytur tónlist í kjölfar opunarathafnar um kl. 11 og svo aftur síðdegis um 14.30. Sýndar verða íslenskar stuttmyndir með léttu ívafi. Sendiráðið, Ferðamálaráð, Icelandair og önnur fyrirtæki standa fyrir Íslenskmenningu á staðnum.

## Kvennakór í söngför

FRÍKIRKJUKÓRINN í Hafnarfirði heldur í söngför til Vestfjarða um helgina og heldur tvenna tónleika fyrir Vestfirðinga á morgun kl. 14 í Víkurbae og í Samkomuhúsinu á Þingeyri við Dýrafjörð kl. 18. Þá verður kórinn með tónleika í Fríkirkjunni í Hafnarfirði kl. 20.30 að kvöldi 16. júní og eru tónleikarnir liður í dagskrá menningardaga Hafnarfjarðar, Bjartir daga. Á efnisskránni eru söngvar frá suðrænum slóðum auk íslenskra sum-

arlaga og sálma. Á síðasta ári fór kórinn í söngför til Danmerkur og söng þá meðal annars á Plænen, stóra sviðinu í Tivólí í Kaupmannahöfn.

Félagar í kórnum eru um þrjátíu. Stjórnandi er Örn Arnarson tónlistarstjóri kirkjunnar og undirleikari er Skarphéðinn Hjartarson organisti. Þá hefur kórinn einnig fengið til liðs við sig á tónleikum og við fleiri viðburði Guðmund Pálsson bassaleikari og söngkonuna Ernu Blöndal.